



291. Stjórnarfundur haldinn 16. júlí 2007 kl:18:00
Mættir: Einar, Þórður, Sigurvin, Birgir og Bjarney.

1. Félagsaðstaða Keflavíkur Hringbraut.

EH skýrði frá stöðu mála. Félagið Stafnvík leitast eftir því við aðalstjórn Keflavíkur íþróttasambands og ungmennafélags að Keflavík gefi leyfi fyrir sitt leyti að byggt verði á félagssvæðinu við Hringbraut fimm fjölbýlishús. Stafnvík mun þá leysa til sín Hringbraut 108 ef að þessu yrði. Stjórn Keflavíkur hefur látið tvo hlutlausu aðila meta Hringbraut 108. Miklar umræður um málið. Sameiginleg niðurstaða stjórnar er að ekki verði þrengt frekar að svæðinu við Hringbraut. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna forsvarsmönnum Stafnvíkur niðurstöðuna.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá íbúum Heiðarenda 6 og 8 vegna umkvartana á frágangi á frárennslisbrunni og lóðarmörkum. Framkvæmdastjóra falið að kanna málið og svara erindinu.

3. Önnur mál.

EH kynnti drög að sáttgjörð á milli ÍA og Keflavíkur í knattspyrnu vegna atviks sem átti sér stað í leik þessara lið í efstudeild. Aðalstjórn ber fullt traust til knattspyrnudeildarinnar og styður hana í þessu máli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:40

